



07.07.2026

**Bæjarráð - 24972497. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 7. júlí 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóhanna Ósk Halldórsdóttir, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, staðgengill bæjarstjóra

Dagskrá:

1. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangsröðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Bæjarráð tekur tímalínu bæjarráðs til kynningar.

2. Almyrkvi 12. ágúst 2026 - 2606025

Lögð fram greinargerð um fyrirkomulag fólksflutninga til og frá Bolafjalli vegna sólmyrkva 12. ágúst 2026 og tillaga að vali á þjónustuaðila.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Vestfirskar Ævintýraferðir ehf. (West Travel) um framkvæmd fólksflutninga til og frá Bolafjalli vegna almyrkva 12. ágúst 2026 og felur bæjarstjóra að ganga frá samningi.

3. Slit á Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. - 2603019

Lagt fram erindi frá stjórn BsVest ásamt gögnum um lokauppgjör vegna slita byggðasamlagsins. Fram kemur að sveitar- og bæjarstjórnir aðildarsveitarfélaga hafi samþykkt slit samlagsins og að unnið sé eftir fyrirbyggjandi lokauppgjöri. Samkvæmt uppgjörinu ber Bolungarvíkurkaupstað að greiða kr. 11.288 til BsVest.

Bæjarráð staðfestir fyrirbyggjandi lokauppgjör vegna slita BsVest.

4. Innleiðing nýs umsóknarviðmóts byggingarleyfa HMS hjá sveitarfélögum. - 2606080

Lagt fram erindi vegna innleiðingar HMS byggingarleyfakerfis ásamt kostnaðarmati vegna uppsetningar X-Road (Straums) og tengingar við málaskrárkerfi sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkir að halda áfram undirbúningi að innleiðingu HMS byggingarleyfakerfis og nauðsynlegra tenginga við málaskrárkerfi sveitarfélagsins. Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá samningum vegna uppsetningar X-Road



07.07.2026

(Straums) og tenginga við OneSystems. Jafnframt óskar bæjarráð eftir því að lagður verði fram viðauki við fjárhagsáætlun 2026 vegna stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar verkefnisins.

Samkvæmt 32. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar fer Bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi.

5. Hreinsunarátak 2026 - 2606064

Lagt fram erindi um fyrirhugað hreinsunarátak í Bolungarvík. Í tengslum við átakið verður komið fyrir brotajárnagámi þar sem íbúum og fyrirtækjum gefst kostur á að losa sig við brotajárn og annan málmúrgang. Markmið átaksins er að bæta umgengni, stuðla að snyrtilegri ásýnd bæjarins og hvetja til ábyrgðar meðhöndlunar úrgangs.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna málið áfram, þar á meðal að útfæra framkvæmd átaksins, kynningu þess og samstarf við hlutadæigandi aðila. Stefnt skal að því að hreinsunarátakinu ljúki eigi síðar en 31. júlí 2026.

6. Ábendingar til sveitarfélaga vegna búfjarbeitar og ágangs búfjár. - 2607002

Lagt fram erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu varðandi málefni búfjarbeitar og ágang búfjár. Í erindinu er sveitarfélögum bent á gildandi lagaheimildir og hvatt til að yfirfara afréttarskrár, fjallskilasamþykktir og önnur stjórnþæki sem snúa að framkvæmd fjallskila og meðferð ágangsfjár. Jafnframt er vísað til fyrra erindis ráðuneytisins frá febrúar 2024 um sama efni.

Bæjarráð tekur erindi atvinnuvegaráðuneytisins til kynningar og vísar þeim ábendingum sem þar koma fram til fjallskilanevndar til umfjöllunar og eftir atvikum tillögugerðar.

7. Aðalfundur Melrakkaseturs Íslands ehf. - 2607003

Lagt fram fundarboð vegna aðalfundar Melrakkaseturs Íslands ehf. fyrir starfsárið 2025 sem haldinn verður í húsnæði félagsins að Eyrardal 4 í Súðavík þann 13. júlí 2026. Á dagskrá fundarins eru meðal annars skýrsla stjórnar, kosning formanns, kosning stjórnar og önnur venjuleg aðalfundarstörf.

Bæjarráð tekur fundarboði aðalfundar Melrakkaseturs Íslands ehf. til kynningar.

8. Viðbragðsáætlun vega almyrkva 12. ágúst 2026. - 2607001

Lögð fram til kynningar viðbragðsáætlun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða vegna almyrkva 12. ágúst 2026. Áætlunin tekur til viðbúnaðar heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum vegna aukins álags sem gera má ráð fyrir í tengslum við viðburðinn.

Bæjarráð tekur viðbragðsáætlun Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða vegna almyrkva 12. ágúst 2026 til kynningar og þakkar fyrir þann undirbúning sem farið hefur í áætlunina.

9. Samkomulag við ríkið varðandi börn með fjölþættan vanda - 2606071

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna reglugerðar mennta- og barnamálaráðuneytisins um málefni barna með fjölþættan vanda. Sambandið telur að reglugerðin samræmist ekki samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 og að



07.07.2026

hún kunnir að færa aukna fjárhagslega ábyrgð yfir á sveitarfélögin. Sambandið hyggst fylgja málinu eftir gagnvart ríkinu.

„Bæjarráð Bolungarvíkurkaupstaðar lýsir yfir áhyggjum af nýrri reglugerð mennta- og barnamálaráðuneytisins sem samkvæmt mati Sambands íslenskra sveitarfélaga gengur gegn samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025 um þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Bæjarráð telur mikilvægt að ríkið standi við gerða samninga og að ábyrgðarskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé skýr og byggð á þeim forsendum sem samið var um. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að börn með fjölþættan vanda fái þá þjónustu og stuðning sem þau þarfnast, óháð stjórnsýslulegri ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæjarráð telur mikilvægt að breytingar sem kunna að hafa áhrif á fjárhag og þjónustuskyldur sveitarfélaga séu unnar í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra.“

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:31